Reykjavík, 11. mars 2024

Erindi til bæjarstjórnar Kópavogs varðandi fjárhagslegan stuðning í verkefni tengt dýravelferð

Um leið og við þökkum góðan fund þann 6. mars síðastliðinn með bæjarstjóra Kópavogs Ásdísi Kristjánsdóttur og Karen Jónasdóttur óskum við hér með eftir stuðningi við dýravelferðarverkefni okkar, FÓÐRUN VATNAFUGLA Í KÓPAVOGI.

Á fundinum kynntum við hópinn sem samanstendur af sjálfboðaliðum sem sinna fóðrun vatnafugla – aðallega er um að ræða endur, gæsir og álftir - á veturna bæði í Reykjavík og nágrannasveitafélögum . Fólk gefur víða smáfuglum í görðum yfir veturinn en andfuglarnir hafa orðið útundan og þurfa sárlega á stuðningi að halda.

Við stofnuðum samtökin á síðasta ári þegar jarðbönn voru og óvenju harður vetur. Við störfum undir heitinu **BJÖRGUM DÝRUM Í NEYÐ** á Facebook. Við höfum verið að gefa á nokkrum stöðum í Kópavogi - við Ögurhvarf og við Kópavogslæk og stórum gæsahópum við Urðarhvarf. Við gefum næringaríkt kornfóður og andarungaköggla og höfum notið styrkja í Reykjavík frá Dýraþjónustu Reykjavíkur fyrir fóðurgjöf innan Reykjavíkur svo og fóðurgjafa frá gaeludyr.is sem hafa dyggilega stutt við bakið á okkur í vetur.

Meðfylgjandi eru upplýsingar um fjölda fugla á þeim svæðum þar sem gefið er daglega yfir háveturinn. Af þessu má sjá að innan Kópavogs erum við að gefa um 700 andfuglum daglega frá því um miðjan desember og út mars mánuð. Hve oft við gefum og hve mikið magn fer eftir tíð hverju sinni. Ef kalt er í veðri og jarðbönn lengjum við gjaftíma.

Það er brýnt að rétta fuglunum hjálparhönd yfir harðasta vetrartímann en við metum það svo að þörfin fyrir Kópavog sé um 90 kg af fóðri á dag yfir kaldasta tímann þegar jarðbönn eru. Þetta gerir um 9.500 kg af korni yfir veturinn þ.e. frá miðjum desember og út mars mánuð. Heildarkostnaður við kaup á fóðri fyrir Kópavog miðað við afsláttar verð er um 1.500.000 kr. Við óskum eftir stuðningi frá Kópavogsbæ til að mæta þessum kostnaði fyrir komandi vetur. Við munum hitta önnur nágrannasveitafélög á næstunni til að óska eftir sambærilegum stuðningi.

Það þarf ekki að tíunda það hve mikils virði það er fyrir bæjarbúa og ferðamenn að njóta nálægðar við villta fugla innan bæjarmarka og er ég þess fullviss að Kópavogsbær vill sjá til þess að aðbúnaður og umhverfi fuglanna sé til sóma fyrir bæjarfélagið.

Virðingarfyllst

Ingiveig Gunnarsdóttir
f.hönd hópsins Björgum Dýrum í Neyð

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026